

Skipulagsfulltrúi Múlaþings

Lyngási 12

700 Egilsstöðum.

Egilsstöðum 1. júní 2022.

Efni: Breyting aðalskipulags á svæði utan við Dyngju, neðan kirkju og menntaskólans.

Eftir viðræður starfshóps félags eldri borgara um skipulags- og byggingarmál við fulltrúa Íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum, þar sem rædd var sérstaklega tillaga að ofangreindri aðalskipulagsbreytingu, viljum við koma á framfæri eftirfarandi tillögu okkar að breytingu á markmiðssetningu og heiti svæðis, sem samkvæmt tillögunni er nefnt 04 Íþróttasvæði:

Markmið breytingarinnar er **að** afmarka svæði til uppbyggingar íþrótt- og útivistarsvæða á Egilsstöðum, **sem jafnframt gefi möguleika á íbúðabyggingum, og öðrum byggingum, sem gæti tengst svæðinu, þörfum íþróttafélagsins og nærliggjandi stofnunum. Svæðið er afmarkað** með það að leiðarljósi að framtíðar uppbygging geti fari fram á einum stað, miðsvæðis og með góða tengingu við núverandi íþróttamannvirki, skóla og aðrar stofnanir á svæðinu.

Breytingartillaga okkar felst í því sem feitletrað er og litað í markmiðslýsingunni hér að ofan.

Auk þess leggjum við til að skilgreint heiti svæðisins verði: **04 – Íþrótt- og útivistarsvæði með möguleikum á tengdum byggingum ásamt íbúðabyggingum, sem til dæmis nýtist öldruðum.**

Eftirtalin atriði gætu bætt nýtingarmöguleika svæðisins þegar að gerð deiliskipulags kemur:

- Innan svæðis 04 er reitur uppi á klettum, skammt frá bílastæði kirkjunnar, þar sem áður var reiknað með íbúðabyggingu. Álit okkar er að rétt sé halda þeim möguleika opnum, enda ekki líklegt að þar verði byggð mannvirki, sem nýtast muni íþróttahreyfingunni.
- Opna ætti möguleika á byggingu íbúða næst Dyngju, sem nýtast myndi fólki sem vill tengjast hjúkrunarheimilinu með heimsóknum, en jafnframt hafa greiðan aðgang að íþrótt- og útivistarsvæði, ásamt sundlaug og íþróttahúsi, til líkamsræktar og annarrar heilsuþótar.
- Milli þessara tveggja svæðishluta þyrfti að reikna með göngu- og hjólastíg frá Dyngju skáhallt í átt upp að kirkjunni, sem gæti tengt tvö áðurnefnd möguleg byggingarsvæði saman.

Að öðru leyti er Íþróttafélagið Höttur og starfshópur Félags eldri borgara reiðubúin til samstarfs þegar kemur að nánari útfærslu og deiliskipulagsgerðar á svæði 04.

Því er vænst að tillaga okkar verði tekin til greina við endanlega ákvörðun um þá breytingu á aðalskipulagi, sem nú er til kynningar.

Í starfshópi Félags eldri borgara.

Gustín Benediktsson
Sveinn Þósson
Egill Þósson

Undirritaðir fyrir hönd viðkomandi stofnana sjáum ekkert athugasemdi við ofanskráðar breytingatillögur og lýsum stuðningi okkar við þær.

Fyrir hönd Menntaskólans á Egilsstöðum

Árni Þósson


Fyrir hönd Íþróttafélagsins Hattar

Unnar Eðingsson
Hallgrímur Rúnarson
Jóhann Hallgrímur Halldórsson


Fyrir hönd Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Gudbjörg Hauksdóttir

Breyting vegna íþróttasvæðis við Dyngju og hverfisvernd Gálgakletts



Mynd 1. Hluti af þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabæ, fyrir breytingu í mkv.1:10.000.



Mynd 2. Hluti af þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabæ, eftir breytingu í mkv.1:10.000.